

Ungmennasambandið Úlfljótur

85. ársþing



Haldið í Hofgarði, Öræfum

12. mars 2018

Stjórn USÚ 2017

Jóhanna Íris Ingólfssdóttir, formaður
Kristján Örn Ebenezersson, ritari
Sigurður Óskar Jónsson, gjaldkeri

Matthildur Ásmundardóttir, varamaður
Ásta Steinunn Eiríksdóttir, varamaður

Stjórn styrktar- og afrekssjóðs USÚ

Auk formanns og gjaldkera eru í stjórninni Gestur Halldórsson (fyrir GHH), Bryndís Björk Hólmarsdóttir (fyrir Hestamannafélagið) og fulltrúi Sveitarfélagsins Hornafjarðar.

Skoðunarmenn reikninga

Inga Kristín Sveinbjörnsdóttir og Halldóra Katrín Guðmundsdóttir.

Til vara: Anna Halldórsdóttir og Sveinn Rúnar Ragnarsson.

Aðildarfélag USÚ

Ungmennafélagið Sindri

formaður: Ásgrímur Ingólfsson

framkv.stj: Lárus Páll Pálsson

- *Badmintondeild – ekki starfandi á keppnisgrundvelli*
- Blakdeild
- Fimleikadeild
- Frjálsíþróttadeild
- Knattspyrnudeild
- Körfuknattleiksdeild
- *Skíðadeild – ekki starfandi*
- Sunddeild
- Kraftlyftingadeild

Ungmennafélagið Máni

formaður: Sveinn Rúnar Ragnarsson

Hestamannafélagið Hornfirðingur

formaður: Pálmi Guðmundsson

Golfklúbbur Hornafjarðar

formaður: Gísli Páll Björnsson

Ungmennafélag Öræfa

formaður: Sigrún Sigurgeirsdóttir

Akstursíþróttafélag Austur - Skaftafellssýslu

formaður: Jón Kjartansson

Skotfélag Austur - Skaftafellssýslu

formaður: Ingólfur Guðni Einarsson

Ungmennafélagin Hvöt, Valur og Vísir eru ekki starfandi

Dagskrá 85. ársþings USÚ

1. Þingsetning.
2. Kosning þingforseta.
3. Kosning þingritara.
4. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar.
5. Álit kjörbréfanefndar.
6. Lögð fram skýrsla fráfarandi stjórnar.
7. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar.
8. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga sambandsins og afgreiðsla þeirra.
9. Ávörp gesta.

Þinghlé

10. Lagðar fram og teknar til umræðu tillögur um breytingar á lögum og reglugerðum.
11. Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál, sem borist hafa til stjórnar.
12. Tillögur og nefndarálit tekin til afgreiðslu.
13. Útnefning íþróttamanns ársins 2017
14. Kosning.
 - a. Kosning stjórnar
 - b. Kosning stjórnar Styrktar- og afrekssjóðs
 - c. Kosning tveggja skoðunarmanna og tveggja til vara.
 - d. Kosning landsmótanefndar
15. Önnur mál
16. Fundargerð þingsins borin upp til samþykktar.
17. Þingslit.

Skýrsla stjórnar USÚ fyrir árið 2017

Stjórn USÚ hélt uppteknum hætti á árinu frá síðasta ársþingi sem haldið var í veitingasal Glacier World í Hoffelli þann 16. mars 2017. Á þinginu var lagt til að kosnir yrðu tveir varamenn inn í stjórnina og voru það þær Ásta Steinunn Eiríksdóttir og Matthildur Ásmundardóttir sem tilnefndar voru. Þær bættust því við sitjandi stjórn sem skipuð er Jóhönnu Írasi Ingólfssdóttur, formanni, Sigurði Óskari Jónssyni, gjaldkera og Kristjáni Erni Ebenezerssyni, ritara.

Veitt voru hvatningarverðlaun til ungra íþróttamanna sem stóðu sig vel á árinu 2016 í sinni íþróttagrein. Að þessu sinni voru það þau Inga Kristín Aðalsteinsdóttir, Hildur Margrét Björnsdóttir og Brynjar Máni Jónsson sem hlutu viðurkenninguna. Íþróttamaður ársins 2016 var Kristinn Justiniano Snjólffsson. Einnig var Arna Ósk Harðardóttir sæmd starfsmerki UMFÍ og hjónin Guðrún Ingólfssdóttir og Zophonías Torfason voru sæmd silfurmerki ÍSÍ.

Stjórnin sendi fulltrúa á þá fundi og þing sem henni bar: Íþróttaping ÍSÍ Gullhömrum Grafarholti, Ársþing KKÍ íþróttamiðstöðinni Laugardal, Vorfund UMFÍ á Hvolsvelli, Sambandsþing UMFÍ í Hallormsstað þar sem Sigurður Óskar náði endurkjöri í varastjórn UMFÍ og Formannafund ÍSÍ íþróttamiðstöðinni í Laugardal.

Úthlutað var úr styrktar- og afrekssjóði tvisvar á árinu. Sveitarfélagið hefur hafið aðkomu að sjóðnum og lagði í hann 400.000 á síðasta ári. Þetta er góð viðbót við sjóðinn þar sem hægt er að styðja enn betur við bakið á okkar góða íþróttafólki.

Reynt var að endurvekja „Í formi“ mótið samhliða Hreyfiviku UMFÍ í maí með afar dræmum undirtektum. Tímasetningin var að vísu óhagstæð vegna ferminga og útskriftar úr FAS en ljóst er að áhuginn var mjög lítill. Formaður hefur þó ekki gefið upp alla von og munum við reyna aftur í vor.

Undirbúningshópur fyrir Unglingalandsmótið 2019 hefur fundað nokkrum sinnum á árinu og er grunnvinna að ýmsum verkefnum farin af stað. Hópurinn skipa aðalmenn stjórnar USÚ, bæjarstóri, fræðslufulltrúi, forstöðumaður íþróttamannvirkja, framkvæmdarstjóri Sindra og formaður Sindra. Í haust verður þessi hópur svo stækkaður þar sem umtalsvert meiri vinna fer í gang í samstarfi við UMFÍ. Stjórnin vill hvetja öll aðildarfélög og deildir til þess að fara að huga að þessari vinnu, t.d hvað varðar aðstöðu og búnað svo hægt sé að sækja um styrki í tíma. Einnig bendir hún aðildarfélögum á að hvetja iðkendur sína til þess að fjölmenna á Unglingalandsmótið í Þorlákshöfn núna í sumar og mynda þar skemmtilega stemningu fyrir Unglingalandsmótið okkar 2019.

#METOO byltingin hefur verið mikið til tals í samfélaginu og fór formaður á fund fræðslunefndar Sveitarfélagsins Hornafjarðar ásamt framkvæmdastjóra Sindra þar sem rædd var undirtekt bæjarráðs við viljayfirlýsingu Sambands íslenskra sveitarfélaga þess efnis að „sveitarfélög skilyrði fjárveitingar til íþróttafélaga og annarra félaga sem bjóða upp á tómsundaiðkun fyrir börn og unglunga, því að félögin setji sér siðareglur, viðbragðsáætlanir og fræði sitt fólk um ofbeldi, kynferðislega áreitni og kynferðisofbeldi“. Bæði USÚ og Umf. Sindri lýstu yfir vilja sínum til þess að samræma viðbragðsáætlanir vegna ofbeldismála af öllu tagi. Stofna þarf vinnuhóp sem tekur að sér að setja saman heilsteypa viðbragðsáætlun sem nær yfir öll aðildarfélög USÚ og Björgunarfélag Hornafjarðar. Bæði ÍSÍ og UMFÍ eru að gefa út efni sem hægt verður að nýta við gerð þessarar viðbragðsáætlunar.

Okkur langar að minna alla á heimasíðu USÚ, www.usu.is en þar má finna lög sambandsins, metaskrá í frjálsum, fréttir og ýmiss konar fróðleik tengdan sambandinu. Einnig eru styrktar umsóknir, bæði

fyrir styrkar- og afrekssjóð og aðra styrki að verða rafrænar og verður hægt að finna þær á síðunni. Við viljum líka minna á heimasíður UMFÍ www.umfi.is og ÍSÍ www.isi.is en þar eru ýmis gögn um t.d. Felix félagakerfi ÍSÍ og UMFÍ, styrkveitingar og fræðslu.

Að lokum vill stjórnin þakka ykkur öllum sem komið að ungmenna og íþróttastarfi fyrir allt ykkar góða og ómetanlega sjálfboðaliðastarf. Án þessarar óeigingjörnu vinnu væri ekki hægt að halda uppi því öflugra og metnaðarfulla starfi sem unnið er hérna í sveitarfélaginu.

Skýrsla Styrktar- og afrekssjóðs USÚ

Á árinu 2017 var tvisvar úthlutað úr sjóðnum.

Í fyrri úthlutuninni fékk Gísli Þórarinn Hallsson (körfubolti) 70.000 kr. styrk til æfinga- og keppnisferða og blakdeild Sindra fékk 150.000 kr. styrk vegna ráðningar erlends þjálfara með áherslu á barna og unglingastarf.

Í síðari úthlutuninni fengu 3. fl. ka og kv Sindra í knattspyrnu, 250.000 kr. styrk vegna æfingaferðar til Spánar. Hópur fimleikakrakka sem eru að fara í æfingabúðir í Ollerup í Danmörku, hlutu einnig 250.000 kr. styrk vegna æfingaferðar. Þá fékk sunddeild Sindra 100.000 kr. styrk vegna æfinga- og keppnisferðar tveggja efnilegra iðkenda og þjálfara þeirra til Reykjavíkur.

Ársreikningur USÚ 2017

	2017	2016	
Rekstrartekjur			
Lottó	5.782.046	5.013.645	
Styrkir	172.658	212.140	1)
Aðrar tekjur	21.900	14.000	2)
Rekstrartekjur alls	5.976.604	5.239.785	
Rekstrargjöld			
Lottó til aðildarfélaga	4.183.906	4.229.866	
Lottó í styrktar- og afrekssjóð USÚ	261.494	361.653	6)
Auglýsingar og heimasíða	36.438	6.230	3)
Verðlaun	21.310	25.111	
Ferða- og fundakostnaður	207.430	126.527	
Styrkir	0	512.140	1) 4)
Annar mótakostnaður	10.172	26.000	2)
Annað	200.035	29.183	5)
Rekstrargjöld alls	4.920.785	5.316.710	
Hagnaður/Tap fyrir fjármagnsliði	1.055.819	-76.925	
Fjármagnsliðir			
Vaxtatekjur	17.790	51.322	
Fjármagnstekjuskattur	-3.558	-10.264	
Fjármagnsliðir alls	14.232	41.058	
Hagnaður/Tap	1.070.051	-35.867	
Efnahagsreikningur 31.12.2017			
Eignir			
Bankainnistæður	6.668.967	5.598.916	
Eignir alls	6.668.967	5.598.916	
Eigið fé	4.471.352	4.015.690	
Skuldir			
Ógreitt lottó til aðildarfélaga v. áramót	2.024.957	1.583.226	
Ógreiddir reikningar	172.658	0	1)
Skuldir alls	2.197.615	1.583.226	
Skuldir og eigið fé 31.12.2017	6.668.967	5.598.916	

Ársreikningur Styrktar- og afrekssjóðs USÚ 2017

	2017	2016
Rekstrartekjur		
Lottó	261.494	361.653
Framlag frá Sveitarfélaginu Hornafirði	400.000	0
Aðrir styrkir	0	177.000
Rekstrartekjur alls	661.494	538.653

6)

7)

Rekstrargjöld		
Styrkir	820.000	425.000
Rekstrargjöld alls	820.000	425.000

Hagnaður/Tap fyrir fjármagnsliði	-158.506	113.653
----------------------------------	----------	---------

Fjármagnsliðir		
Vaxtatekjur	171.505	219.033
Fjármagnstekjuskattur	-34.301	-43.806
Fjármagnsliðir alls	137.204	175.227

Hagnaður/Tap	-21.302	288.880
--------------	---------	---------

Efnahagsreikningur 31.12.2017

Eignir		
Afrekssjóður	5.652.081	5.673.383
Eignir alls	5.652.081	5.673.383

Eigið fé	5.652.081	5.673.383
----------	-----------	-----------

Skuldir		
Skuldir alls	0	0

Skuldir og eigið fé 31.12.2017	5.652.081	5.673.383
---------------------------------------	------------------	------------------

Skýringar

- 1) Getraunir. Fer allt í rekstur tippstofu Sindra. Því miður gleymdist að millifæra upphæðina til Sindra fyrr en á árinu 2018.
- 2) Hlutur USÚ í iðkendagjaldi FRÍ. Einnig þau tilfelli þegar keppandi frá USÚ skráir sig sjálfur á frjálsíþróttamót og greiðir ekki þáttökugjaldið. Reikningur er þá sendur til USÚ, sem rúkkar svo frjálsíþróttadeild Sindra.
- 3) Greitt er fyrir hýsingu á usu.is annað hvert ár.
- 4) Umf. Sindri fékk styrk vegna kaupa á leikklukku upp á 300.000 kr. árið 2016.
- 5) Aðallega fáanar fyrir setningarathöfn Unglingalandsmóts, sem voru keyptir 2016. Upphæðin 2017 er uppgjör vegna hlaupa- og hjóla-korts af Höfn og kaup á samkomutjaldi sem notað var á ULM s.l. sumar.
- 6) Samþykkt var á þingi árið 2015 að veita 5% af lottótekjum í styrktar- og afrekssjóð, en það gleymdist því miður að millifæra upphæðina á réttu ári. Það var þó gert ráð fyrir því í úthlutun ársins 2016.
- 7) Sveitarfélagið Hornafjörður kom inn í rekstur sjóðsins á síðasta ári.



Sigurður Óskar Jónsson, gjaldkeri USÚ



Inga K. Sveinbjörnsdóttir, skoðunarm.



Haldóra K. Guðmundsdóttir, skoðunarm.

Lög Ungmennasambandsins Úlfljóts

1. gr. Heiti:

Sambandið heitir Úlfljótur, skammstafað USÚ.

2. gr. Sambandssvæði:

Heimili og varnarþing sambandsins er í Sveitarfélaginu Hornafirði.

3. gr. Hlutverk:

Hlutverk sambandsins er:

- Að stjórna sameiginlegum íþróttamálum héraðsins og vera þar fulltrúi ÍSí, en sérráð sem stofnuð eru, fara með stjórn sérgreinamála innan héraðsins.
- Að annast samstarf um íþróttamál við bæjarstjórn og aðra opinbera aðila innan héraðs.
- Að varðveita og skipta milli félaganna því, sem til þess hefur verið veitt.
- Að aðstoða við skipulag, undirbúning og framkvæmd íþróttamóta í héraði.
- Að hafa frumkvæði um eflingu íþróttastarfs innan héraðs.
- Að staðfesta lög aðildarfélaga.
- Að fylgjast með því að starfsemi aðildarfélaga fari fram skv. gildandi lögum þeirra og íþróttahreyfingarinnar í heild. Vanræki aðildarfélag að halda aðalfund á tilsettum tíma skal stjórn sambandsins, ef þörf krefur, boða til fundarins og sjá um framkvæmd hans.

4. gr. Tilgangi náð:

Tilgangi sínum hyggst sambandið ná með eflingu íþrótta og með því að starfa að þeim þjóðnytjamálum sem það telur sér fært að sinna.

5. gr. Réttur til aðildar:

Rétt til þátttöku í USÚ hafa þau ungmenna- og íþróttafélög sem starfa eða munu starfa á sambandssvæðinu, enda séu lög þeirra í samræmi við lög USÚ, ÍSí og UMFÍ.

6. gr. Umsókn um aðild:

Umsóknir um inngöngu í sambandið sendist stjórn USÚ ásamt lögum viðkomandi félags, nöfnum stjórnarmanna og félagaskrá. Stjórnin úrskurðar um inngöngu sem þó skal staðfesta á ársþingi. Úrsögn úr USÚ er því aðeins gild að félagið sé skuldlaust við sambandið. Þeim félögum sem ekki hafa sent skatt eða skýrslu í tvö ár samfleytt, má víkja úr sambandinu. Ennfremur þeim félögum sem að öðru leyti gerast brotleg við lög þessi. Brottrekstur félags skal staðfestur á ársþingi. Sambandsfélögin greiða skatt til USÚ og er hann ákveðinn á ársþingi ár hvert.

7. gr. Ársþing:

Sambandið heldur ársþing sitt fyrir marslok ár hvert. Stjórn kveður til þings og ákveður þingstað. Ársþing skal boðað skriflega og auglýst með eins mánaðar fyrirvara og er það löglegt hafi löglega verið til þess boðað. Skriflegt fundarboð (síðara fundarboð) með dagskrá og upplýsingum um tillögur og mál sem leggja á fyrir þing skal senda aðildarfélögum, sérráðum og öðrum er rétt eiga til þingsetu með eigi minni en einnar viku fyrirvara. Tillögur félaganna um lagabreytingar skal senda stjórninni eigi síðar en fjórum vikum fyrir ársþing og skal stjórnin kynna þær aðildarfélögunum með þingboði. Reikningsárið er almanaksárið.

8. gr. Fulltrúar á ársþing:

Hvert sambandsfélag hefur rétt til að senda fulltrúa á ársþing þannig að einn fulltrúi komi fyrir hverja 25 skattskylda félag. Fulltrúar skulu aldrei vera færri en tveir frá hverju félagi. Eftir að fjórum fulltrúum er náð skal vera 1 fyrir hverja 50 skattskylda féлага. Tala félagsmanna skal miðuð við síðustu áramót og eru 16 ára og eldri skattskyldir. Á ársþingi hafa allir sambandsaðilar málfrelsi og tillögurétt, en aðeins stjórn og fulltrúar atkvæðisrétt. Stjórnin getur boðið öðrum aðilum þingsetu er hún telur ástæðu til. Aðeins sá sem er félagi innan sambandsins er kjörgengur fulltrúi á ársþingi. Hver þingfulltrúi hefur eitt atkvæði. Allir þingfulltrúar skulu hafa kjörbréf.

9. gr. Störf þingsins

1. Þingsetning.
2. Kosning fyrsta og annars þingforseta.
3. Kosning fyrsta og annars þingritara.

4. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar.
5. Álit kjörbréfanefndar.
6. Kosnar nefndir er þingið samþykkir að kjósa skuli til starfa á þinginu til að fjalla um þær tillögur og málefni sem til þeirra er vísað, þ.á.m. kjörnefnd er gerir tillögur um stjórn og aðra trúnaðarmenn er starfa milli ársþinga.
7. Lögð fram skýrsla fráfarandi stjórnar.
8. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar til samþykktar.
9. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga sambandsins.
10. Ávörp gesta.
11. Lögð fram fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár.
12. Lagðar fram og teknar til umræðu tillögur um breytingar á lögum og reglugerðum.
13. Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál, sem borist hafa til stjórnar.
14. Tillögur og nefndarálit tekin til afgreiðslu.
15. Önnur mál.
16. Kosning.
17. Kosning þriggja manna stjórnar og tveggja til vara.
18. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og tveggja til vara. Skulu þeir jafnframt vera skoðunarmenn reikninga aðildarfélaganna (nema þau kjósi eigin skoðunarmenn reikninga)
19. Kosning fulltrúa á Íþróttaping (ÍSí þing).
20. Fundargerð þingsins borin upp til samþykktar.
21. Þingslit.

Ef lægsta atkvæðatala til að ná kosningu fellur á tvo eða fleiri, skal kjósa um þá á ný í bundinni kosningu. Verði þeir jafnir ræður hlutkesti. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum nema um lagabreytingar sé að ræða, þá þarf 2/3 hluta greiddra atkvæða.

10. gr. Aukaping:

Aukaping má halda ef nauðsyn krefur eða tilkynningafrestur til aukapings má vera helmingi styttri en til reglulegs þings. Fulltrúar á aukaping eru þeir sömu og voru á næsta reglulegu þingi á undan og gilda sömu kjörbréf. Þó má kjósa að nýju í stað fulltrúa sem er látinn, veikur eða forfallaður á annan hátt. Á aukapingi má ekki gera laga eða leikreglubreytingar og ekki kjósa stjórn nema bráðabirgðastjórn, ef meirihluti kjörinnar aðalstjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum, eða stjórnin hefur að eigin dómi orðið óstarfhæf. Að öðru leyti gilda um það sömu reglur og um reglulegt ársþing.

11. gr. Stjórn:

Stjórn USÚ skal skipuð þannig að aldrei séu fleiri en tveir stjórnarmenn frá sama félagi. Stjórn skiptir með sér verkum á fyrsta fundi eftir ársþing, þ.e. formaður, ritari og gjaldkeri. Fráfarandi formaður boðar til þess fundar. Stjórnarfundi skal halda minnst 4 sinnum á ári.

12. gr. Hlutverk stjórnar:

Stjórnin hefur á hendi stjórn sameiginlegra mála sambandsins milli þinga innan þeirra marka sem lög og þingsamþykktir setja. Stjórnin gefur skýrslu um hag og starfsemi sambandsins til ÍSí og UMFÍ skv. lögum þeirra. Hún veitir móttöku öllu því fé sem sambandinu áskotnast, ávaxtar sjóði þess og fer með þá samkvæmt þeirri fjárhagsáætlun er þingið hefur samþykkt. Hún skal ábyrgjast sjóði sambandsins og í sameiningu hafa forsjá um aðrar eignir þess. Félag er ekki standa skil á skýrslum og öðrum skuldbindingum gagnvart sambandinu fá ekki úthlutað úr sjóðum þess svo sem Lottósjóði eða öðrum, fyrr en úr hefur verið bætt.

13. gr. Nefndir:

Nýkjörin stjórn skal tilnefna þær nefndir er hún telur þörf á að skipa, og skulu þær starfa með stjórninni.

14. gr.

Sambandið og aðildarfélög þess skulu veita skattayfirvöldum allar upplýsingar um starfsmannagreiðslur og aðrar greiðslur skv. skattalögum hverju sinni.

15. gr. Lagabreytingar:

Lögum þessum má aðeins breyta á ársþingi með minnst 2/3 hluta atkvæða þeirra fulltrúa sem mættir eru.

16. gr.

Um þau atriði, sem ekki eru tekin fram í lögum þessum, gilda ákvæði í lögum ÍSÍ (eins og við á).

17. gr. Gildistaka:

Lög þessi öðlast gildi þegar framkvæmdastjórn ÍSÍ hefur staðfest þau og falla jafnframt öll eldri lög úr gildi við samþykkt þeirra.

Lögum þessum var síðast breytt á 84. ársþingi USÚ, 15. mars 2017.

Reglur um skiptingu lottótekna innan USÚ

15% – USÚ

5% - Styrktar og afrekssjóður USÚ

Það sem eftir stendur skiptist á milli félaga í þessum hlutföllum:

58% – Ungmennafélagið Sindri

9% – Ungmennafélagið Máni

9% – Golfklúbbur Hornafjarðar

9% – Hestamannafélagið Hornfirðingur

5% – Ungmennafélag Örnefa

5% – Skotfélag Austur-Skaftafellssýslu

5% – Akstursíþróttafélag Austur-Skaftafellssýslu

Lottó er greitt út tvisvar á ári, að jafnaði í janúar og júlí.

Þessum reglum var síðast breytt á 82. ársþingi USÚ, í Mánagarði í Nesjum 26. mars 2015.

Lög styrktar- og afrekssjóðs USÚ

1. grein

Sjóðurinn skal heita Styrktar- og afrekssjóður USÚ.

2. grein

Tilgangur sjóðsins er að styrkja hornfirska afreksmenn til æfinga og keppni og einnig til verkefna sem auðga og efla ungmenna- og íþróttastarf á sambandsvæðinu. Skilyrði fyrir styrk er að umsækjandi eigi lögheimili eða hafi að jafnaði fasta búsetu í Sveitarfélaginu Hornafirði. Við styrkveitingar njóta félagar í aðildarfélögum USÚ forgangs.

3. grein

Stjórn sjóðsins skipa 5 menn, 2 úr stjórn USÚ ásamt 2 fulltrúum aðildarfélaga sem ekki eiga stjórnarmenn og einn frá Sveitarfélaginu Hornafirði. Fulltrúar USÚ skulu valdir á þingi USÚ. Stjórnin skiptir með sér verkum á fyrsta fundi og heldur sérstaka gerðarbók.

4. grein

Tekjur sjóðsins verða:

- Ákveðið hlutfall af lottótekjum USÚ, skv. Reglugerð hverju sinni.
- Árlegt framlag Sveitarfélagsins Hornafjarðar.
- Frjáls framlög sem sjóðnum berast.

5. grein

Að jafnaði skal ekki veita meira fé úr sjóðnum en sem nemur innkomu hans á hverju ári.

6. grein

Heimilt er að úthluta úr sjóðnum tvisvar sinnum á ári. Auglýst skal eftir umsóknum með eins mánaðar fyrirvara. Sjóðsstjórn ákveður styrkuppþæð hverju sinni.

7. grein

Til þess að hljóta styrk þarf að senda inn skriflega umsókn til stjórnar USÚ, Hafnarbraut 25, eða í tölvupósti.

8. grein

Sjóðsstjórn skal á hverju ársþingi USÚ gera grein fyrir styrkveitingum úr sjóðnum.

9. grein

Skoðunarmenn reikninga USÚ eru jafnframt skoðunarmenn reikninga sjóðsins.

10. grein

Funda skal sem fyrst eftir að umsóknarfrestur rennur út. Formaður sjóðsstjórnar skal boða til fundarins. Öllum umsóknum skal svarað skriflega.

11. grein

Breytingar á reglugerð þessari er hægt að gera á ársþingi USÚ að fengnu samþykki meirihluta atkvæða.

Síðast breytt á 83. ársþingi USÚ, 17. mars 2016

Starfskýrslur aðildarféлага

Starfsskýrsla aðalstjórnar Umf. Sindra

Árið 2017 var óvenju viðburðaríkt hjá félaginu bæði hvað stjórnun varðar og fjárfestingar. Hjá félaginu störfuðu þrjár framkvæmdarstjórnar á árinu. Jóna Benný Kristjánsdóttir sagði upp í lok mars og hætti snemmsumars og þökkum við henni kærlega fyrir hennar störf. Hún þjálfar nú hjá knattspyrnudeild og er okkur innan handar þegar á þarf að halda. Gísli Már Vilhjálmsson sem hafði verið í sérverkefni fyrir Knattspyrnudeild var svo almennilegur að bjarga okkur hjá aðalstjórn með daglegan rekstur þar til nýr framkvæmdarstjóri gæti hafið störf og þökkum við honum einnig fyrir hans störf. Við auglýstum eftir framkvæmdastjóra síðast vor og fengum fjórar umsóknir. Gengið var frá ráðningu í maí og tók núverandi framkvæmdarstjóri Lárus Páll Pálsson við störfum um miðjan ágúst. Er hann hér með formlega boðinn velkominn til starfa.

Á árinu 2017 voru 410 nöfn skráð á námskeið eða æfingar hjá Sindra samkvæmt Nora kerfinu. Því miður hafa verið annmarkar á Norakerfinu, en nú um áramótin var loksins komið á tengingu milli tólmstundastyrks sveitarfélagsins og kerfisins þannig að það á að einfalda notkunina.

Íformi var haldið í maí en því miður var þátttakan undir væntingum þó svo aldurs lágmark hafi verið fært niður í 18 ár. Við sem erum íformi erum með mótið í naflaskoðun og eru að velta fyrir okkur næsta leik.

Sindri keypti eina rútu á árinu og það er nýbúið að selja aðra. Einnig ætlum við að losa hlut Sindra í stóru rúttunni ef við fáum ásættanlegt verð fyrir þann hlut. Við þurftum að setja talsverða fjármuni í gráu 14 manna rúttuna en vonandi endist hún okkur í einhver ár enn. Það fer talsvert þúður í rúttarnar en ég held að þeim tíma sé ágætlega varið þar sem ferðakostnaður myndi fljótt sliga deildir og fjölskyldur ef við þyrftum að leiga bíla í allar okkar ferðir.

UMF. Sindri var stofnaður 1. des 1934 og verður því 84 á árinu. Félagið eignaðist sína fyrstu félagastöðu 1944 en það var Bíóbragginn sem staðsettur var á Heppunni, rétt hjá veitingahúsinu Íshúsin. Bíóbragginn var vígður haustið 1944. 1955 var hafist handa við að byggja Sindrabæ og var hann tekinn í notkun vorið 1963. Nú 55 árum seina erum við að fjárfesta í nýju félagsheimili fyrir okkur öll. Með hjálp sveitarfélagsins tókst okkur að eignast Landsbankahúsið skuldlaust. Sveitarfélagið fjármagnaði annan helminginn en Sindri hinn helminginn. Það var m.a. gert með veglegum styrkjum frá ýmsum aðilum. Sindri á því talsverða fjármuni bundna í þessari fasteign og það er undir okkur komið að nýta hana sem best og gera íþróttastarf og iðkun sem mest spennandi fyrir unga sem aldna. Á haustmánuðum þegar við verðum komin með allt húsið er ætlunin að verða með nafnasamkeppni og síðan vígslu athöfn og væri við hæfi ef það tækist á afmælisdegi félagsins 1. des.

Ekki er hægt að loka árinu án þess að minnst á „metoo“ byltinguna. Hún hófst með miklum krafti síðast haust og á vonandi að standa þar til við verðum búinn að eyða kynferðislegu ofbeldi og kynbundinni mismunun úr íslensku samfélagi. Aðalstjórn hefur sett sig í samband við ÍSÍ og UMFÍ til að fá leiðsögn í þessu verkefni og vonandi koma skýrir verkferla frá þeim nú í vor og munum við þá bregðast við og upplýsa stjórnir, þjálfara og iðkendur um framhaldið.

Ásgrímur Ingólfsson, formaður UMF. Sindra

Skýrsla stjórnar knattspyrnudeildar Sindra

Í stjórn knattspyrnudeildar Sindra árið 2017 sátu Arna Ósk Harðrédóttir, Gunnar Ingi Valgeirsson, Kristján S. Guðnason og Linda Hermansdóttir. Meistaraflokkur kvenna spilar í 1. deild eftir gott gengi síðasta sumar. Þjálfari liðsins var Ingvi Ingólfsson og lét hann af störfum að sumri loknu og þakkar stjórn honum fyrir gott starf. Við starfi hans tók Jóna Benný Kristjánsdóttir.

Meistaraflokkur karla féll niður um deild og spilar nú í 3. deild. Samir Mesetovic þjálfaði karlaliðið fram á mitt sumar. Við liðinu tók þá Sindri Ragnarson sem lét af störfum í lok september. Við liðinu á haustmánuðum tók Sinisa Kekic. Knattspyrnudeildin réði Gísla Már Vilhjálmsson til starfa tímabundið á síðasta ári og gekk hann í ýmis störf, t.d. fjáraflanir ásamt öðrum tilfallandi verkefnum. Að hans frumkvæði var ráðist í athugun á kaupum á nýju félagsheimili sem var í eigu Landsbankans.

Skemmst er frá því að segja að með mikilli vinnu og eljusemi urðu þessi kaup að veruleika og teljum við það vera stórt og mikið framfaraskref fyrir Sindra í heild. Sveitarfélagið kemur myndarlega að verkefninu ásamt fyrirtækjum og einstaklingum. Þrátt fyrir mikla erfiðleika síðasta sumar hefur okkur tekist að reka deildina með örlitlum hagnaði. Löng ferðalaög ásamt ýmsum áföllum gerðu sumarið þungt fjárhagslega. Á síðasta ári var rekstur yngri flokka og meistaraflokka aðskilin með góðum árangri. Við viljum að lokum þakka öllum þeim sem komu að starfin og einnig þeim fjölmörgu fyrirtækjum sem styrkja okkur á ýmsan hátt. Yngri flokka ráði þökkum við fyrir samstarfið og einnig fyrir mikið og óeigingjarn starf ekki síst þeim sem láta nú af störfum. Áfram Sindri.

F.H. stjórnar Knattspyrnudeildar

Kristján S. Guðnason

Skýrsla yngriflokkaráðs Sindra í knattspyrnu

Yngriflokkaráð starfaði óbreytt árið 2017 nema með þeim mannbreytingum að Jón Kristján Rögnvaldsson fór úr ráðinu á haustdögum og í hans stað kom Sigurður Ægir Birgisson.

Þjálfarar yngri flokkana hafa verið þau Jóna Benný Kristjánsdóttir, Ingvi Ingólfsson, Samir Mesetovic auk þeirra hafa þau Stefán Viðar Sigtryggsson, Margrét Kristinsdóttir og iðkendur úr 3. flokki aðstoðað við þjálfun yngri flokka.

Vegna fækkunar iðkenda hefur verið haldið áfram með þá leið að strákar og stelpur í 7. og 6. flokki æfa saman. Einnig var ákveðið að vegna fárra iðkenda í 4. flokki bæði karla og kvenna, að tvær til þrjár æfingar á viku yrðu sameiginlegar annarsvegar með 5. flokki og hins vegar 3. flokki

Það verkefni að aðskilja fjárhag yngri flokka og fjárhag meistaraflokkana hefur gengið vel. Fjárhagur ársins 2017 er viðunandi.

Æfingagjöldin stóðu í stað milli ára eða 550 kr tíminn.

Undangengið ár var farið á hin hefðbundnu mót. Gengi flokkanna var með ágætum en skortur á iðkendum í eldri flokkunum kom niður á árangri þeirra.

Samstarfið við Neista hefur verið að styrkjast jafnt og þétt. Reynslan sem komið er á það samband lofar góðu fyrir framhaldið. Engum blöðum er um að fletta að það styrkir suma flokka verulega og

vonandi geta þau í Neista sagt sömu sögu af samstarfinu við okkur. Við ættum að leggja rækt við að styrkja það enn frekar með framtíðina í huga.

Nú á haust dögum hófust umleitanir með öðrum liðum um samstarf í eldri flokkunum. Fyrst var leitað suður en á endanum þótti það ekki ákjósanlegur kostur og þá leituðum við eftir samstarfi við liðin fyrir austan okkur.

Niðurstaðan úr þeim viðræðum er að 4. fl. kvk. spilar með Einherja á Íslandsmóti, 3. fl. kvk. undir merkjum Austurlands, 3. fl. Kk. með Hetti og 9 manna mót verður búið til með Austfirðingum í 4. fl. kk. Koma verður í ljós hvernig samstarf þetta tekst til og teknar ákvarðanir um áframhaldandi samstarf á komandi árum með mið af því hvernig til gengur í sumar.

Í haust auglýsti yngri flokka ráð eftir yfirþjálfara, nú loks hefur verið ráðið í þá stöðu, og nýr yfirþjálfari Benóný Þórhallsson hóft störf í dag þann 01.mars. Verkefnin eru mörg en yfirsýn og utanumhald verður vonandi styrkt með þessari ráðningu sem vonandi skilar sér í enn betra starfi og auknum iðkendum á komandi árum.

Að lokum viljum við ítreka það að umgjörð um iðkendum ræðst ekki bara af aðstæðum til æfinga og hæfni þjálfara. Hvatning okkar forelda og þátttaka er ekki síður mikilvæg. Íþróttafélagið okkar verður ekki stærra en það sem við sjálf leggjum af mörkum til að láta hlutina ganga vel fyrir sig. Við hvetjum því alla foreldra að taka virkan þátt í starfi félagsins á þann hátt sem fólk getur og treystir sér til.

Við í ráðinu þökkum fyrir árið og þeim fjölmörgu sem lögðu hönd á plóginn.

Ársskýrsla kraftlyftingadeildar Sindra

Á árinu 2017 var Kraftlyftingadeildin endurvakin og félagafundur haldinn í Október. Í stjórn Kraftlyftingadeildar voru kosin Kristján Vilhelm Gunnarsson, ritari var Wiktoria Anna Darnowska og gjaldkeri var Óttar Már Einarsson.

Kraftlyftingadeildin hélt kynningarnámskeið í Ólympískum lyftingum í október og margir eru að æfa lyftingar í Sporthöllinni. Kraftlyftingadeild Sindra sendi Kristján Vilhelm Gunnarsson á Jólámót LSÍ í desember og var árangur hans með ágætum, sérstaklega miða við hversu lengi hann hafði æft íþróttina. Kristján keppti í -105 kg. flokki og lyfti 77 kg. í Snörun og 103 kg. í Jafnhendingu.

Tilgangur með stofnun deildarinnar er að sameina þá sem hafa áhuga á lyftingum og vinna að því að á Höfn verði viðunandi aðstöðu til iðkunar á íþróttinni.

F.H. stjórnar Kraftlyftingadeildar

Kristján Vilhelm Gunnarsson

Ársskýrsla blakdeildar Sindra

Á síðasta aðalfundi blakdeildar var stjórnin endurkjörin einróma. Stjórnin er þannig skipuð að Páll Róbert Matthiasson er formaður, Jóhanna Björg Jóhannsdóttir er ritari og Valgeir Steinarsson er gjaldkeri en Gunnhildur Gísladóttir sér um bókhaldið.

Á árinu var starfsemi blakdeildar með hefðbundnu sniði. Æft var tvisvar sinnum í viku og voru æfinga í 4 flokkum, 4fl, 3fl, mfl kvenna og mfl karla. Virkir iðkendum voru rúmlega 40 á árinu og er það svipaður fjöldi og á síðasta ári.

Þjálfari er Aida Gonzales Vicente og hefur staðið sig vel. Aukning er í yngri flokkunum eins og stefnt var að þegar hún var ráðin.

Vor 2017.

Sindri tók þátt í Íslandsmóti, austurlandsriðli og stóð sig vel. Karlarnir spiluðu í 2 deild og stúlkurnar í 3 deild.

Bæði liðin tóku þátt í Öldungamótinu sem haldið var í Mosfellsbæ og komu heim hlaðin verðlaunum.

3 fl stúlkna fór á vormót yngri flokka á Neskaupstað í lok mars og stóð sið vel að venju.

Haust 2017.

Meistaraflokkar karla og kvenna tóku þátt Íslandsmótinu í nóvember og er deildarkeppnin á landvísu sem er nýjung hjá neðri deildum.

Kvenna liðið spilaði á Siglufirði og Karlaliðið í Kópavogi. Árangurinn var misjafn.

Við í stjórn blakdeildarinnar erum ánægð með starfsárið og vonumst til að ennþá fleiri komi í blak því eins og sést þá gefur blakið hraustlegt og gott útlit og bætir meltinguna.

28 febrúar 2018, Páll Róbert Matthíasson formaður.

Skýrsla stjórnar Körfuknattleiksdeildar Sindra

Stjórn 2017

Stjórn körfuknattleiksdeildar árið 2017 skipuðu Hjálmar Jens Sigurðsson formaður, Margrét Kristinsdóttir gjaldkeri, Björgvin Erlendsson meðstjórnandi og Þorgrímur Tjörvi Halldórsson kom nýr inn sem ritari. Björgvin Óskar Sigurjónsson fór úr stjórn og þökkum við honum vel unnin störf.

Meistaraflokkur karla

Meistaraflokkur karla kláraði keppnistímabilið 2016-2017 eins og best verður á kosið með því að vinna 3.deildina. Þetta gerðist eftir gott starf um veturinn undir stjórn Justins Berry. Fyrir tímabilið tókst ekki að semja aftur við Justin og fenginn var annar amerískur þjálfari og leikmaður að nafni Yima Chia-Kur til starfans. Honum til aðstoðar var svo heimamaðurinn Hallmar Hallsson. Í stuttu máli gekk samstarfið við Yima ekki upp og í október tók Hallmar við sem spilandi þjálfari og hinn ameríski Jordan Jacks var fenginn sem erlendur leikmaður til liðsins, ásamt því að þjálfar yngri flokka. Óhætt er að segja að þessar breytingar hafi skilað sér, því eftir þær hafa allir leikir unnist og almenn ánægja með þær innan vallar sem utan. Stefnan er ótrauð sett á að vinna sig upp í 1.deild en aðeins eitt sæti er laust þar á næstu leiktíð.

Yngri flokkar og annað starf

Leikskólalboltinn hélt áfram hjá okkur í samstarfi við knattspyrnudeildina undir handleiðslu Kristjáns Arnar Ebenezerssonar. Þetta framtak hefur heppnast vonum framar og verið vel sótt og klárlega komið til að vera. 1.-5 bekkur hefur sem áður farið á tvö mót yfir veturinn. Í haust tók Auðunn Hafdal við þjálfun þessa aldurs af Kristjáni Ebenezerssyni, sem tók sér hlé frá þjálfun. Auðunn hefur farið vel af stað og verið öflugur að sækja þjálfaranámskeið með stuðningi deildarinnar. Hjá eldri iðkendum í 6.-10. bekk höfum við verið með tvö skráð lið í Íslandsmóti fyrir drengi og bæði lið staðið sig mjög

vel og farið fjölda keppnisferða vítt og breytt um landið. Í haust fórum við í samstarf við Hött þar sem drengir í 9.flokk(bekk) keppa með sameinuðum 10. flokk. Einn laugardag í haust komu hingað fjöldi iðkenda frá Fjarðabyggð og Hetti og var haldið mjög skemmtilegt dagsmót sem almenn ánægja var með. Er stefnan að fara svo austur í vor. Þetta sýnir að gott samtarf við nágretta okkar fyrir austan er mjög mikilvægt.

Eitt af markmiðum deildarinnar er að geta haldið úti kvennaliði í yngri flokkum og meistaraflokki. Vorið 2017 voru nokkrar stúlkur í Heppuskóla að æfa og nú í vetur hafa verið æfingar þar sem stelpur á öllum aldri hafa æft einu sinni í viku. Næsta vetur er því von á að við getum haldið úti fleiri æfingum fyrir kvennaflokka.

Fjármál og stuðningur

Rekstur deildarinnar hefur farið vaxandi undanfarin ár, langstærsti kostnaðurinn er við meistaraflokk karla. Til að mæta þessum kostnaði höfum við fengið fleiri styrktaraðila til liðs við deildina ásamt því sem fjöldi fjáraflana á vegum deildarinnar, fyrir einkaaðila og Sveitarfélagið eru stór þáttur í rekstrinum. Stjórnin vil þakka allan þann góða stuðning sem að við höfum fengið og þeim fjölmörgu sjálfboðaliðum sem hafa komið að starfinu.

Fjöldi iðkenda og markmið

Skráður fjöldi iðkenda árið 2017 var í heild um 100 sem er nokkur fjölgun frá í fyrra. Markmið stjórnarinnar er að halda úti kröftugu starfi með iðkendur að leiðarljósi. Þetta viljum við m.a. gera með því að hafa öfluga menntaða þjálfara og gott samstarf við foreldra. Við viljum starf sem er jákvætt, á uppeldis og félagslegum grundvelli, með siðareglur Sindra að leiðarljósi og góðu samstarfi við aðrar deildir.

F.h. Körfuknattleiksdeildar Sindra

Hjálmar Jens Sigurðsson

Ársskýrsla fimleikadeildar Sindra

Fimleikadeildin hélt sína árlegu fimleikasýningu í janúar, þemað þetta árið var Pétur Pan. Sýningin var mjög flott og að venju var góð mæting.

Þann 26.febrúar var haldið bikarmót unglinga í hóp fimleikum í Gerplu. Fimleikadeild Sindra sendi frá sér þrjú lið, samtals 24 keppendur. Drengjalið Sindra gerðu sér lítið fyrir og unnu sinn flokk með glæsibrag. Stelpurnar kepptu í tveimur 4.flokks liðum. Þær stóðu sig mjög vel, lið 1 lenti í 1.-2. sæti í sínum flokk.

Þann 11.mars keppti 1.flokkur kvenna á WOW-bikarmótinu í hóp fimleikum sem haldið var í Stjörnunni, Garðabæ. Stelpurnar gerðu gott mót og var þetta í fyrsta skipti sem hóp fimleikalið frá Sindra keppti með tvöfalt heljarstökk en það voru tvær stelpur sem gerðu það.

Aðalfundur deildarinnar var haldin í mars. Fundurinn var með breyttu sniði þar sem aðalfundur allra deildanna var haldin saman í Núheimum og heppnaðist það mjög vel.

Sunnudaginn 21. maí kepptu 3 lið frá Sindra á Íslandsmóti unglunga í hóp fimleikum á Akureyri. Þau stóðu sig öll mjög vel og enduðu strákarnir sem deildarmeistarar eftir að hafa unnið tvö af þremur mótum vetrarins.

Haldið var innanfélagsmót deildarinnar í maí og stóðu krakkarnir sig mjög vel á því. Hildur Margrét var kjörinn fimleikamaður Sindra 2017. Fimleikadeildin þakkar Íshúsinu veittan stuðning.

Fimleikadeildin var með sýningar atriðið á 17. júní og gekk það mjög vel.

Í byrjun nýrrar annar var breyting á stjórn félagsins, Íris hætti sem formaður deildarinnar og tók Ingibjörg við af henni. Sigrún Gylfa bættist í hópinn og tók við sem gjaldkeri.

Önnin hófst svo í byrjun september og að venju voru foreldrar boðaðir til fundar. Vel var mætt og var farið yfir komandi önn, mót, þjálfara og fleiri praktísk atriði.

Ákveðið var að fara með stóran hóp af fimleikaiðkendum í æfingabúðir til Keflavíkur helgina 6.-8. október, farið var með alla iðkendur frá 5. bekk og upp. Ferðin heppnaðist mjög vel.

Helgina 14-15. október fóru fram æfingar í landsliðsúrtoke í hóp fimleikum fyrir EM 2018 sem haldið verður í Portúgal. Gaman er að segja frá því að fimleikadeild Sindra sendi í fyrsta skipti stelpur á þessa æfingu og voru það Hildur Margrét og Angela Rán sem voru fulltrúar okkur. Þær stóðu sig mjög vel.

Í nóvember sendi deildin 4 lið á bikarmót unglunga sem haldið var í Garðabæ og viku seinna sendi deildin frá sér elsta liðið á haustmót á Selfossi. Allir stóðu sig með prýði.

Í nóvember var pantað fyrir 28 iðkendur, 2 þjálfara og 2 fararstjóra til Ollerup. En þangað ætlum við í æfingabúðir í sumar.

Fyrstu helgina í desember stóð Ungmennafélagið Sindri fyrir námskeiðinu „Vertu óstöðvandi“. Öllum deildum var boðið að styrkja verkefnið og tók fimleikadeildin þátt í því verkefni.

Ragnar Magnús, þjálfari hjá Gerplu, og Tinna Marín fyrrum iðkandi fimleikadeildar Sindra héldu stutt fimleikanámskeið í desember sem var vel sótt.

Í lok árs var tekin ákvörðun um að kaupa nýja keppnisbúninga fyrir strákana. Þeir eru mjög flottir og hlakkar okkur til að fá að sjá þá keppa í þeim núna um helgina.

Fimleikadeildin átti mjög gott ár, með gríðarlega metnaðarfullum og hæfum þjálfurum, sem leggja sig alla fram við að gera starfið fjölbreytt, skemmtilegt en jafnframt krefjandi. Árangur þessa metnaðarfulla starfs hefur sýnt sig í góðum árangri iðkenda árið 2017.

Höfn, 1. mars 2018

Ingibjörg Guðmundsdóttir, formaður, Sigrún Gylfadóttir, gjaldkeri, Signý Ingvadóttir, ritari og Einar Smári Þorsteinsson, yfirþjálfari

Ársskýrsla Sunddeildar Sindra

Starf sunddeildarinnar hófst 9. janúar og stóð til 16. maí. Þjálfari hjá deildinni var Goran Barakov. Helgina 10-12 febrúar komu Hrafnhildur Luthersdóttir, Ingi Þór og Jacky og voru með æfingabúðir fyrir okkur hér heima. Sunddeildin bauð iðkendum Sindra uppá fyrirlestur hjá Hrafnhildi Lúthersdóttur sem var vel sóttur af öllum deildum. Þann 5. mars var Hennýjarmótið á Eskifirði og fóru

9 iðkendur frá okkur og komu heim með 4 gull, 2 silfur, 1 brons og 5 þáttökupeninga. Þann 26 mars var haldið hið árlega innanfélags Sindra. Veitt voru verðlaun fyrir 1, 2, og 3. sæti 11 ára og eldri og yngri börnin fengu þáttökupening, allir fengu páskaegg að venju að móti loknu. Þann 30 apríl var vormót Neista á Djúpavogi og fóru eingöngu 2 börn frá Sindra að þessu sinni. Vetrarstarfinu var slúttáð 25. maí með því að fara í fatasund og síðan í pylsuveisla í Slysavarnahúsinu þar sem allir iðkendur, 23 talsins, voru leystir út með gjöfum, einnig voru veittir bikarar fyrir besta félagann, bestu mætingu, mestu framfarir og sundmann ársins. Því miður gat sunddeildin ekki boðið uppá forskólasund þetta sumarið þar sem ekki fannst þjálfari. Einn þáttakandi úr deildinni fór á Sumarhátíð UÍA 8. júlí og keppti á Eskjumótinu í sundi hann vann 2 gull og 1 silfur ásamt stigabikar drengja 11-12 ára. Haustönnin hófst að nýju 15. september eftir að ráðinn hafði verið nýr þjálfari Viktoría Ósk Jóhannesdóttir. Starf sunddeildarinn fór rólega af stað þar sem þjálfari og iðkendur voru að kynnast. Haldið var pítsukvöld í október og gist var í Heppuskóla ásamt þjálfara sem endaði með fatasundi morguninn eftir. Farið var á bikarmót Neista 26. nóvember þar gekk okkur mjög vel. Fóru 11 börn og komu heim með 5 gull, 6 silfur, 2 brons ásamt 5 þáttökupeningar. Einnig fengu boðsundssveitirnar 3 brons og 1 gull. Deildin hélt síðan bíokvöld í Nýheimum í desember. Þann 11. desember var fatasund og síðasti sundtími ársins.

Farið hefur verið í dósasafnanir mánaðalega og hefur það gefið vel og m.a. dekkjað kostnað vegna þeirra æfingabúða sem börnin hafa farið í. Hluti af þeim pening hefur núna síðustu skiptin farið inná fjáröflunarreikning sem eyrnamerkur er utanlandsferð. Einnig hefur sunddeildin tekið þátt í jólakortauðburði fyrir jólin í samstarfi við aðrar deildir Sindra.

Hornafjörður 18. febrúar 2018

Erla Berglind Antonsdóttir og Gunnhildur Imsland

Skýrsla stjórnar frjálsíþróttadeildar Sindra

Erfitt hefur reynst að fá þjálfara hjá deildinni, síðastliðinn vetur var Anna Soffía Ingólfssdóttir að þjálfra, um sumarið komu Sara Small og Phoenetia Browne og Alrún Stephensdóttir var í afleysingum. Fannar Blær Austar Egilsson tók svo við þjálfun í haust og er ennþá hjá okkur.

Hinir árlegu Humarleikar voru nokkuð vel sóttir þetta árið.

Iðkendur tóku þátt í nokkrum mótum en flestir keppendur voru á Unglingalandsmóti UMFÍ í Egilsstöðum og stóðu þeir sig vel.

Enn er í byggingu húsið fyrir hástökkisdýnurnar og er von um að það verði komið á völlinn í maí.

Það verða breytingar á stjórn þetta árið, Berglind Steinþórsdóttir kemur inn í stað Söndru Sigmundsdóttir og Anna Björg og Ingólfur halda áfram.

Höfn, 4. mars 2017

Stjórn frjálsíþróttadeildar Sindra, Anna Björg Kristjánsdóttir, formaður, Ingólfur Baldvinsson, gjaldkeri, Sandra Sigmundsdóttir, ritari

Starfsskýrsla UMF. Mána fyrir árið 2017

Aðalfundur Mána var haldinn 6. mars í Mánagarði og á hann mættu fimm manns. Stjórnin var endurkjörin og í henni sitja því:

Sveinn Rúnar Ragnarsson, Akurnesi, formaður,
Sigurður Ragnarsson, Akurnesi, ritari,
Ásta Steinunn Eiríksdóttir, Árnanesi, gjaldkeri,
Halldór Einarsson, Þinganesi, meðstjórnandi,
Sigurður Óskar Jónsson, Stapa, meðstjórnandi.
Björn Ármann Jónsson, Stapa, varamaður,
Þórir Kristinn Olgeirsson, Þinganesi, varamaður,
Reynir Ásgeirsson, Seljavöllum, varamaður.

84. ársþing USÚ var haldið í Hoffelli þann 16. mars og á það mættu sex fulltrúar frá Mána. Þingið fór vel fram að vanda og alltaf svolítið hátíðlegt að vera fulltrúi félagsins á þessari samkomu.

Að venju var þjóðhátíðardagurinn haldinn hátíðlegur. Veðrið var gott og göngufólkið lagði af stað frá Mánagarði. Gengið var upp með Laxá að vestan, upp fyrir Meðalfell og að Meðalfellsrétt. Þaðan var síðan gengið niður eftir réttarveginum og aftur í Mánagarð. Þar var skemmtidagskrá auk þess sem farið var í hefðbundna leiki, m.a. pokahlaup, naglaboðhlaup og reiptog. Þátttakan í leikjunum var góð og það er alltaf gaman að sjá hvað krakkarnir eru bæði hissa og glaðir þegar fullorðna fólkið etur kappi hvort við annað. Að lokum voru grillaðar pylsur og auðvitað var karamelluregn þó því hafi ekki verið spáð. Ágætlega var mætt í gönguna og gaman sjá hve duglegir yngstu þátttakendurnir voru að ganga leiðina. Í heildina mættu á bilinu 50-60 manns og stjórn Mána vill þakka öllum sem mættu kærlega fyrir komuna.

Jólatréð var sett upp á kirkjuhæðinni við Laxá laugardaginn 9. desember s.l. en engin sérstök dagskrá var í kringum það. Jólatréð var keypt af Kiwanisklúbbnum Ósi. Það er þó löngu orðinn hluti að komu jólanna að sjá tréð glitra í stjörnuþjórtu skammdeginu enda varla hægt að finna fallegri stað fyrir jólatré en á gömlu kirkjuhæðinni. Ekki náðist að gefa út nýtt tölublað af Vísi fyrir jólin en stefnan er að klára blaðið fyrir vetrarlok og koma því í dreifingu. Gerður hefur verið góður rómur af blaðinu og því mikilvægt að reyna að halda dampi við útgáfu þess.

Þrettándagleði UMF Mána var haldin niður á Völlum laugardaginn 6. janúar og kveikt var í kl. 20:30. Veðrið var fallegt og vel tókst að láta bálköstinn loga enda var brennuefnið vel þurrt. Fjöldi fólks mætti á viðburðinn að vanda. Björgunarfélag Hornafjarðar var svo að venju með tilkomumikla flugeldasýningu sem var hápunktur kvöldsins.

Sveinn Rúnar Ragnarsson, formaður U.M.F. Mána

Starfsskýrsla UMFÖ

28. janúar auglýsti Hólmfríður Guðlaugsdóttir fyrsta göngudag ársins. Mæting var við Svartajökul, gengið upp undir Goðafjall, inn á Litla-Fjall og niður með Kotá. Þetta var hressandi og skemmtileg ganga í góðu veðri.

12. febrúar stýrði Hólmfríður Guðlaugsdóttir göngu í Skaftafelli. Gengið var frá þjónustumiðstöð, Austurbrekkur að Sjónarnípu og svo niður með Eystragili.

4.mars var haldið Góuhóf í Hofgarði. UMFÖ er samstarfsaðili skemmtunarinnar (því kennitala UMFÖ er notuð) og tekur því óbeinan þátt í henni, þó framkvæmdin sé ávallt á höndum nefndar sem er sérstaklega valin til verkefnisins.

16. mars sótti Halldóra Oddsdóttir ársþing USÚ haldið í Hoffelli í Nesjum.

25. mars stýrði Hólmfríður Guðlaugsdóttir göngu í Svínafelli. – Að göngu lokinni bauð Hafdís Roysdóttir upp á kaffi og meðlæti á Nýjatúni.

27. mars var aðalfundur UMFÖ haldinn í Hofgarði, hægt er að lesa um hann í fundargerðabók félagsins.

4. apríl og 10. apríl stýrði Dóra Guðrún Ólafsdóttir verkefni í Hofgarði sem kallast Sjúkrabílabangsar. Þar gafst öllum sem vildu kostur á því að hittast og þrjóna bangsa. Verkefnið er í samstarfi við Rauðakrossinn en þar er miðað við að allir sjúkrabílar hafi bangsa til gjafa fyrir þau börn sem þurfa á þjónustu sjúkrabíla að halda. Dóra sá um að kaupa garn og hressingu fyrir þá sem vildu taka þátt í að þrjóna – en einnig voru allir velkomnir að efla samkomuna með nærveru sinni þó þeir tækju ekki þátt í þrjónaskapnum. Þetta var ljómandi vel heppnað og skemmtilegt.

Að venju stóð til að halda upp á Þjóðhátíðardaginn 17.júní í Svínafelli. Rétt fyrir auglýstan tíma gerði hellirigningu og rok þannig að ákveðið var að fella dagskrána niður. – Leikskólinn fékk að gjöf hluta af veitingum sem höfðu verið keyptar í tilefni dagsins, þegar sumarhátíð var haldinn þar.

22. júlí stóð Lydía Angelíka Guðmundsdóttir fyrir sumarballi í Hofgarði. Hljómsveitin Suðaustan fjórir spiluðu fyrir dansi og var góð mæting á meðal (yngri) íbúa og sumarstarfsfólks í Örafum og nærsveitum.

8. desember stýrði Eva Bjarnadóttir menningardagskrá í Hofgarði. Rithöfundarnir Guðrún Guðlaugsdóttir, Bergrún Íris Sævarsdóttir og Bjarni Harðarson lásu úr bókum sínum. Elín Gunnlaugsdóttir tónskáld var einnig með innlegg í dagskrána. – Boðið var upp á veitingar. Þetta var vel heppnað kvöldstund og mætingin var góð, þar voru um 30 manns.

27. desember stýrðu Halldóra Oddsdóttir og Sigrún Sigurgeirsdóttir jólatrésskemmtun í Hofgarði. Dagskráin var með nokkuð hefðbundnu sniði og Skúli Freyr Brynjólfsson lék á gítar og stýrði söng. Góð þátttaka var í dagskránni að venju.

F.h. stjórnar: Sigrún Sigurgeirsdóttir

Skýrsla stjórnar Skotfélags Hornafjarðar fyrir starfsárið 2017

Á árinu var unnið ötullega áfram að skipulagi að fyrirhuguðu starfssvæði fyrir félagið í Bergárdal. Skipulag svæðisins hefur nú verið auglýst og ætti ekkert að vera því til fyrirstöðu að hefja framkvæmdir á árinu 2018. Útlit er fyrir að uppbygging við svæðið geti hafist á vormánuðum er frost fer úr jörð og með dug og dugnaði gæti félagsstarf að fullu hafist síðsumars.

Bráðabirgðaaðstaða til skotæfinga er til staðar á svæðinu og voru fjögur mót haldin á vegum félagsins á árinu. Mótin voru hugsuð bæði til kynninga á fyrirhuguðu svæði fyrir félagsmenn en einnig nýttust þau vel til að ákvarða skotstefnur, uppsetningu og staðsetningu hljóðmana og gróðurs. Einnig nýtist sú aðstaða sem komið hefur verið upp til hæfisprófa fyrir hreindýraveiðar sem eru skylda fyrir alla þá sem fengið hafa úthlutað leyfi til hreindýraveiða. Á árinu 2018 er fyrirhugað að vera með námskeið í meðferð skotvopna fyrir unglinga með vorinu í samstarfi við skólayfirvöld, en félagið leggur mikið kapp á að skotvopn séu meðhöndluð af varúð og virðingu.

Stjórn félagsins ákvað að innheimta ekki félagsgjöld á árinu vegna aðstöðuleysis til æfinga en fyrirhugað er að greiðsluseðlar verði sendir út er framkvæmdir á svæðinu hefjast. Fjárfestingar í

tækjum og búnaði á árinu voru engar en útlit er fyrir að þær verði töluverðar á árinu 2018, stjórn félagsins hyggst ganga til samninga við bæjaryfirvöld og hugsanlega einnig einkaaðila vegna fyrirhugaðra framkvæmda á árinu sem útséð er með að verði töluvert kostnaðarsamar.

f.h. Skotfélags Hornafjarðar, Gunnar Örn Reynisson, gjaldkeri

Skýrsla stjórnar Golfklúbbs Hornafjarðar

Starfsemi klúbbsins var öflug árið 2017.

Félagar í klúbbum eru 83.

Í stjórn eru: Gísli Páll Björnsson, formaður, Halldóra Bergljót Jónsdóttir gjaldkeri, Gestur Halldórsson og Inga Kristín Sveinbjörnsdóttir meðstjórnendur og Sæmundur Helgason ritari. Ólafía Gísladóttir og Sigurður Ægir Birgisson eru í varastjórn. Í mótastjórn eru: Stefán Viðar Sigtryggsson, Bjarnar Karlsson, Björn Sigfinnsson, Guðmundur Borgar, Haraldur Jónsson, Óli Kristján Benediktsson, Friðrik Ólafsson, Sigurður Guðnason og Arnar Þór Jónsson.

Endurskoðendur reikninga: Ari Jónsson og Kristín Hermannsdóttir

Óli Kristján Benediktsson sá að venju um hirðingu vallar og eru honum færðar þakkir fyrir gott utanumhald og vel hirtan völl. Félagsmenn komu víða að viðhaldi, fegrun og framkvæmdum í sjálfböðavinnu og fá þeir þakkir fyrir óeigingjarnt starf.

Mót voru 20 í allt. Nettómótin voru 10, í formi mót, Húsasmiðjumót, Olís-mót Einnig voru haldin hvítasunnumót, Landsbankamót, Humarhátíðarmót, Minningarmót um Gunnar Hersir, Meistaramót, Jöklamót.

Sveitakeppni Austurlands var haldin hér á heimavelli í lok júlí.

Andrea Ásgrímsdóttir golfkennari var með golfkennslu 7. - 10. júní og var aðsókn góð og ánægja með kennsluna. Ánægjulegt var að sjá fjölda barna og unglinga sem nýttu sér kennsluna.

Við óskum ykkur góðs og gleðilegs golfsumars og þökkum ykkur fyrir komuna.

Hornafirði, 4. mars 2018, Stjórn GHH.

Ársskýrsla Akstursíþróttafélags Austur-Skaftafellssýslu 2017

Unnið hefur verið að deiliskipulagi fyrir nýja motocrossbraut inn við Fjánhúsavík og hefur lítið verið unnið við viðhald núverandi brautar á meðan. Brautinni hefur verið haldið í nothæfu ástandi fyrir iðkendur en ekki hefur verið unnið í neinum breytingum eða meiriháttar viðhaldi. Deiliskipulag fyrir nýtt aksturssvæði er á loka metrunum og fer vinna við uppbyggingu vonandi af stað í byrjun sumars.

Fjöldi iðkenda hefur staðið í stað og er virkasti aldurinn 13-17 ára í motocrossi, lítið fer fyrir öðrum greinum. Tveir kepptu í Íslandsmóti motocross á síðasta ári frá ASK og stóðu sig ágætlega.

f.h.stjórnar ASK, Jón Kjartansson

Skýrsla stjórnar Hestamannafélagsins Hornfirðings, starfsárið 2016-2017.

Aðalfundur Hornfirðings var haldinn 30. mars í Stekkhól, alls mættu um 20 manns. Eftirtaldir voru kjörnir í stjórn félagsins á fundinum; Pálmi Guðmundsson formaður, Lena Hrönn Marteinsdóttir gjaldkeri, Magnús Skúlason meðstjórnandi kom nýr inn í stjórn. Varamenn í stjórn voru kjörin, Ásmundur Ásmundsson og Inga Stumpf. Aðrir í stjórn sem áttu eftir 1. ár af kjörtíma sínum eru, Gunnar Þorsteinsson ritari og Gunnar Ásgeirsson meðstjórnandi. Í framhaldi af aðalfundi voru valdir félagar í starfsnefndir og formenn til að stýra þeim. Í öllum nefndum er minnst einn fulltrúi úr stjórn félagsins til að tryggja sem best upplýsingaflæði milli stjórnar og annara sem starfa í nefndunum. Hér að neðan eru listi yfir starfandi nefndir og formenn þeirra.

- Mótanefnd, Gunnar Ásgeirsson formaður
- Vallar- og girðingarnefnd, Olgeir Ólafsson formaður
- Útreiðarnefnd, Jón Birkir Finnsson formaður
- Æskulýðsnefnd, Snæbjörg Guðmundsdótti formaður
- Reiðveganefnd, Páll Guðmundsson formaður
- Fjáröflunar- og veitinganefnd, Geir Þorsteinsson formaður

Undanfarin ár hefur Snæbjörg Guðmundsdóttir, Snæsa, verið með reiðnámskeið fyrir börn og unglunga á grunnskólaaldri í reiðhöllinni við Stekkhól og í Lækjarhúsum. Mikilvægt er að geta haldið áfram þessu frábæra æskulýðsstarfi sem Snæsa hefur komið af stað í hestamannafélaginu. Hlynur Guðmundsson reiðkennari frá Hólum var með reiðkennslu í reiðhöllinni í febrúar, mars og apríl, samtals þrjár helgar með einkakennslu þar sem hann leiðbeindi knöpum með hesta sína. Hlynur var einnig með sýnikennslu í reiðhöllinni í lok námskeiðs fyrir þátttakendur námskeiðsins og aðra áhugasama hestamenn á svæðinu.

Í vetur héldu félagar áfram þeirri skemmtilegu hefð að koma saman í Stekkhól til að fylgjast með beinni útsendingu frá Meistaradeildinni í hestaíþróttum á Stöð 2. Fyrsta beina útsendingin var 23. febrúar og síðan á tveggja vikna fresti fram í apríl. Á boðstólnum var súpa og brauð, kaffi öl og gos. Góð stemmning myndaðist á þessum kvöldum og fjöldi félagsmanna var 10 - 20 manns. Pakkhúsið, Z-Bistro, Kaffi-Hornið, Hótel Höfn, Nettó ofl. styrktu þessar samkomur m.a. með því að laga súpu fyrir þátttakendur.

Félags hrossabænda var með opinn fund þann 11. mars, Dr. Þorvaldur Kristjánsson ábyrgðarmaður hrossaræktar RML og Sveinn Steinarsson formaður félags hrossabænda voru með framsögur. Eftir fundinn var haldinn Folaldasýning í reiðhöllinni þar sem sýnd voru 24 folöld og fædd árið 2015 og tveir 2ja vetra folar. Alls mættu um 60 manns á staðinn til að fylgjast með stjórnnum framtíðarinnar hjá ræktendum í Hornafirði.

Nokkrir félagar úr Hornfirðingi fóru í keppnisferð með hesta sína á Ístölt Austurlands sem haldið var 18. mars á Móatjörn við Tjarnarland, alls tóku þátt 9 hestar og 7 knapar frá Hornfirðingi. Helstu úrslit hjá okkar fólki, voru að Ómar Ingi og Steinálfur frá Horni sigruðu töltið og voru í 2-3 sæti í B-Flokki, Ómar Ingi var einnig með Snædís frá Horni í 2. sæti í A-flokki og Friðrik Hrafn var í 3. sæti með Hrafnntinnu frá Svínafelli. Friðrik Snær var í 3-5 sæti á Þrumu frá Hlíðarbergi í tölti 16 ára og yngri en þess má geta að Friðrik er aðeins 10 ára gamall.

Þann 12. apríl voru vetrarleikar félagsins haldnir í reiðhöllinni, keppt var í töltfimi, Smala/þrautabraut og öltreid. Alls komu um 80 manns á staðinn, knapar, starfsmenn og áhorfendur. Þessir vetrarleikar

eru virkilega skemmtilegir, jafnt fyrir unga sem aldna. Ýmsir félagar sýndu snilldartakta í þrautabrautinni og gáfu ekkert eftir í keppninni um besta tímann í gegnum þrautbrautina.

Árleg páskaútreið var farin eftir bökkum Hoffellsár inn á móts við Stóruhlát, að þessu sinni tóku þátt 8 manns úr hestamannafélaginu.

Vinnukvöld var haldið í Stekkhól og hestavelli þann 19. júní þar sem aðstaðan var undirbúin fyrir félagsmót. Félagsmót Hornfirðings var síðan haldið þann 24. júní og forkeppni og úrslit voru sama dag. Keppt var í pollaflokki, barna- og unglingsflokki, ungmennaflokki, A- og B-flokki, tölti, skeiði, stökki og unghrossaflokki. Að þessu sinni voru einstaklega vegleg verðlaun fyrir efstu sæti í öllum keppnisgreinum, gjafabréf frá veitingahúsum, ferðapjónustuaðilum og ýmsum öðrum fyrirtækjum sem styðja félagsstarf hestamannafélagsins. Skógeyarútreið var síðan um kvöldið. Fjöldi skráninga á mótinu var í minna lagi en margir góðir knapar og frábærir hestar komu fram. Knapi mótsins, valinn af dómurum, var Hlynur Guðmundsson og hestur mótsins, valinn af dómurum var Næla frá Lækjarbrekku sýnd af Bjarneyju Jónu Unnsteinsdóttur.

Nokkrir félagar úr Hornfirðingi fóru á hestamannamót Kóps við Kirkjubæjarklaustur þann 22. júlí og voru í efstu sætum í nær öllum keppnisgreinum. Það er skemmtilegt að mæta á þetta mót hjá nágrönnum okkar í vestri og eins væri gaman að fá heimsókn frá þeim í framtíðinni á hestamót hjá Hornfirðingi.

Málþing um úrbætur í reiðvegamállum var haldið þann 14. október í Borgarnesi. Fulltrúi Hornfirðings á fundinum var Páll Guðmundsson formaður reiðveganeftdar. Formanna-fundur LH var haldinn þann 27. október í Reykjavík, Pálmi Guðmundsson formaður hestamannafélagsins sat fundinn.

Fyrir hönd stjórnar Hornfirðings þakkar formaður félagsmönnum og styrktaraðilum fyrir ánægjulegt samstarf á liðnu starfsári og vonaðist eftir öflugum félagsstarfi á nýju starfsári.



*Næla frá Lækjarbrekku, hestur mótsins 2017
og Bjarney Jóna Unnsteinsdóttir*



*Hlynur Guðmundsson, knapi mótsins 2017
og Tromma frá Höfn*

Sigurður Óskar Jónsson, gjaldkeri USÚ, tók ársritið saman.